

Ed.

642. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenskar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

- A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).
- B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.
- C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni, og húfur allskonar, nema enskar húfur. Gólfklútar.
- D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Bracket. Ístöð. Beizlisstengur og beizlismél. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Strekkítengur. Þverslár á símastaura. Lausasmíðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur, Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altílbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappir innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfs-efni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.
- E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Segl. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolti fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.
- F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, oliurifin málning. Kitti. Þerriolia. Lakkfernis. Lóðabelgir.
- G. Verðtollsrjáls: Hringjur. Beizliskeðjur. Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Linoleum- og gúmmídúkalim. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vagnhjól, kerrur og

heyvagnar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Svo gilda og ákvæði laga nr. 83 26. apríl 1935 um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumannni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.